



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð Landbúnaðarnefnd 10. fundur

Fundur haldinn í Landbúnaðarnefnd á skrifstofu Skútustaðahrepps, mánudaginn 24. nóvember 2008 kl: 20:00.

Mættir: Birgir V. Hauksson, Halldór Árnason, Hjörleifur Sigurðarson, Sólveig E. Hinriksdóttir og Þuríður Pétursdóttir

1. Fundarsetning

Formaður setti fund og skipaði Halldór sem fundarritara.

2. Fjallskilareikningar

Farið yfir fjallskilareikninga sem fyrir liggja.

Reikningur frá Friðriki Lange vegna gangna hafnað. Friðrik fór að beiðni gangnaforingja og kláraði dagsverk fyrir Þórhall Guðmundsson sem slasaðist og gat ekki lokið dagsverki sínu. Landbúnaðarnefnd telur að viðkomandi bóndi, Vogabú ehf., eigi að greiða reikninginn. Akstursreikningur frá Friðriki samþykktur. Aðrir reikningar vegna gangna samþykktir.

Samtals kostnaður vegna fjallskila er kr. 246.942,- sjá nánar í meðfylgjandi fylgiskjali. Kostnaður vegna girðinga er kr. 666.939,- Girðingagjald á kind í hreppnum er kr. 142,-.

3. Girðing í Gjástykki

Í gangnaskýrslu Álfðísar Stefánsdóttur kemur fram eftirfarandi athugasemd

“Í haust komst ég að því að það er búið að leggja vegaslóða í gegnum hraunið í Gjástykki sem er fær öllum jafnvel fólksbílum. Svo núna er greið leið fyrir fé að fara á milli hreppa því það er engin girðing. Slóðin liggur norðan girðingar inn í hraunið og er girðing meðfram dálitin spotta en hættir svo. Þegar maður er kominn austur úr hrauninu er girðingin sirka 100 metra norðan við veginn, og þá er maður kominn í annan hrepp sunnan girðingar.”

Þessum vegslóða þarf að loka og beinir landbúnaðarnefnd því til sveitarstjórnar að hún sjái til þess að girðingunni verði lokað næsta vor.

4. Gangnatilhögun

Landbúnaðarnefnd leggur til að fyrirkomulag gangna verði skoðað fyrir næsta haust og að þriðju göngum verði sleppt, nema þá í Veggi. Þau dagsverk sem eru til niðurföfnunar í þriðju göngum verði að hluta færð til dagsverka í eftirleitum.

Fleira ekki gert og fundi slitið
Birgir V. Hauksson
Halldór Árnason
Hjörleifur Sigurðarson
Sólveig E. Hinriksdóttir
Þuríður Pétursdóttir